



**Lestur** er fyrir **hugann**

eins og

hreyfing fyrir líkamann.

©2011 skoll.is

Læsisstefna  
Seyðisfjarðarskóla



Seyðisfjarðarskóli

## Efnisyfirlit

1. Læsisstefna Seyðisfjarðarskóla .....	3
2. Hlutverk foreldra og heimilis .....	4
3. Lestrarkennsluaðferðir .....	5
3.1. Byrjendalæsi .....	5
4. Mat á lestri .....	6
5. Lesskilningur .....	7
6. Lestrarstuðningur .....	9
7. Skimanir og próf .....	9
7.1 Raddlestrarpróf .....	9
7.2 Leið til læsis .....	10
7.3 Lesmál.....	11
7.4 Orðarún – lesskilningsmat.....	11
7.5 Logos.....	12
7.6 Læsi - lestrarskimun.....	12
8. Að vekja og viðhalda áhuga á lestri .....	12
8.1 Að lesa fyrir nemendur .....	12
8.2 Frjáls lestur /yndislestur .....	13
8.3 Lestraráttak.....	13
Heimildir .....	14



Seyðisfjarðarskóli

## 1. Læsisstefna Seyðisfjarðarskóla

Markmið Seyðisfjarðarskóla í læsi byggjast á aðalnámskrá grunnskóla í íslensku. Stefnt er að því að allir nemendur nái tókum á:

- hraðri og lipurri umskráningarfærni
- sveigjanlegu lestrarlagi og skýrri og góðri framsögn
- 70 – 100% lesskilningi úr aldurssamsvarandi textum
- færni til að tjá sig skýrt og með blæbrigðum, bæði í töluðu og rituðu máli.

Hlutverk kennarans er fyrst og fremst að hjálpa nemendum að læra með tilstyrk þeirrar tækni sem er í boði nú á dögum. Móðurmálskennarar eru í fararbroddi en öllum kennurum skólans er ætlað að stuðla að öflugu læsi nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum í öllum námsgreinum.

### Námsumhverfið skal einkennast af:

- nemendamiðuðu námi sem byggt er á samskiptum
- því að nemendur eru virkir skapendur þekkingar
- námi sem miðast við alla miðla
- því að öll skilningarvit eru örvuð
- yfirferð efnis í bland við þema- og könnunarverkefni
- raunverulegum aðstæðum og alvöru verkefnum
- samvinnu
- fjölbreyttum leiðum að marki
- því að mikilvægi þekkingar/menningar sé háð gildismati
- því að nám sé ekki bundið við tiltekna staði
- því að nám fer fram alla ævi

Ritröð um grunnþætti menntunar – læsi bls. 8-9

Of miklar kröfur geta valdið uppgjöf. Of litlar kröfur leiða ekki til framfara. Galdurinn er að fara hinn gullna meðalveg.



## 2. Hlutverk foreldra og heimilis

Hlutverk foreldra er mjög mikilvægt í lestrarnámi barna. Segja má að í skólanum séu lestraraðferðir lagðar inn og kenndar en þjálfunin fer að miklu leyti fram á heimilinu. Stuðningur foreldra og **dagleg lestrarþjálfun** stuðlar mjög að framförum og það er margt í lestrarkennslunni sem er aðeins hægt að gera heima.

Góður aðgangur að lesefni örvar áhuga barna á lestri og það hefur jákvæð áhrif á málþroska barna að lesið sé daglega fyrir þau og rætt um innihald þess sem lesið er. Það eflir lesskilning og gerir það að verkum að það lestrarnám sem fram fer í skólanum verður síður framandi (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:67-68).

Í upphafi lestrarnáms er gert ráð fyrir lestrarstund heima á hverjum degi. Leggja verður áherslu á að lestrarstundin sé notaleg og ánægjuleg samlestrar- og samræðustund barns og foreldra. Þegar barnið hefur náð tókum á lestartækninni er samt sem áður mikilvægt að haldið sé áfram að ræða lesefni heima fyrir og lesa fyrir barnið. Þannig má stuðla að bættri lestrarfærni og málnotkun. Það er ekki síður til þess að viðhalda áhuga barnsins á lestri en hann vill oft dvína þegar líður á skólagönguna.

### Góð ráð varðandi hefðbundinn heimalestur

- Láttu barnið lesa upphátt fyrir þig á hverjum degi.
- Veldu hljóðlátan stað, þar sem engin truflun verður.
- Þegar barnið les eitthvert orð rangt, bentu þá á viðkomandi orð og lestu orðið rétt svo að barnið heyri réttan framburð orðsins. EKKI láta barnið tafsa lengi á „erfiðu“ orði.
- Láttu barnið lesa rangt lesna orðið aftur og lesa aftur alla setninguna, til að vera viss um að það skilji samhengið í textanum.
- Láttu barnið endursegja í sínum orðum það sem það las.
- Til að athuga lesskilning barnsins, skalt þú stoppa lesturinn af og til, og spyrja út í efni textans, s.s. um persónur, staði, tíma og atburðarás.
- Spurðu barnið um hvers vegna persónurnar bregðist við, eins og þær gera í sögunni, og láttu barnið rökstyðja svarið með tilvísun í söguna.
- Áður en sögunni lýkur skalt þú biðja barnið um að koma með „forspá um sögulokin.

Ráð tekin af vef Skólaskrifstofu Austurlands.



### 3. Lestrarkennsluaðferðir

Það er engin ein kennsluaðferð sem dugar til að kenna öllum börnum að lesa og því þurfa kennarar að vera vel að sér í hinum mismunandi kennsluaðferðum. Þá þurfa þeir að þekkja nemendur sína vel til að meta hvaða aðferðir henta hverjum og einum.

Lestrarkennsluaðferðir og þjálfun	1. - 3. bekkur	4. og 5. bekkur	6. og 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Þjálfun hljóðkerfisvitundar				
Unnið með vísur, þulur, söng og rím				
Stafainnlögn				
Sundurgreinandi aðferð				
Heildaraðferð, orðaaðferð				
Samvirk aðferð				
Hljóðaaðferð				
Hermilestur				
Kórlestur				
Upplestur eftir kennara				
Lestrarþjálfun heima				
Lestrarþjálfun í námsforritum				
Paralestur				
Samlestur í hópum				
Upplestur og framsögn				
Leiklestur og framsögn				
Leitarlestur				
Lestur myndrita, korta og þess háttar				
Lestur ólíkra textagerða				
Framsagnarþjálfun				
Skimunarlestur og yfirlestur				
Yndislestur – í skóla og heima				
Lesfimi				

#### 3. 1. Byrjendalæsi

Í Seyðisfjarðarskóla er unnið eftir Byrjendalæsi í 1. – 3. bekk. Markmið þess er að auka almenna lestrarfærni og ná góðum árangri sem allra fyrst á skólagöngunni. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð sem byggir á heildstæðu námi í læsi með skýrri markmiðssetningu,



Seyðisfjarðarskóli

merkingarbærum viðfangsefnum, samskiptum nemenda í námi, leiðsagnarmati og námi án aðgreiningar. Unnið er heildstætt með alla þætti íslenskunnar; tal, hlustun, lestur og ritun út frá þeim texta sem er til umfjöllunar hverju sinni. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengdir inn í efnið. Í Byrjendalæsi er áhersla lögð á samstarf við heimilin og að heima sé einnig lögð áhersla á lestur, tal, hlustun og ritun. Jafnframt er lögð áhersla á að verkefni og kennsluhættir séu með fjölbreyttum hætt og að nemendur þjálfist í öguðum vinnubrögðum. Leitast er við að efla sjálfstæði nemenda og hæfni þeirra til samvinnu. Nemendur vinna bæði sjálfstætt, í þörum og í hópum. Unnið er með texta sem höfða til barna, margs konar texti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni, sögur og ævintýri, ljóð, fræðitexti og jafnvel uppskriftir. Unnið er í lotum sem vara frá einni og upp í þrjár vikur.

Í Byrjendalæsi er stigskiptur stuðningur einn af lykilþáttum. Þá sýnir kennarinn og segir frá, aðstoðar svo nemendur við að gera sama verkefni, fylgist síðan með nemendum vinna verkefnið og að lokum getur nemandi unnið verkefnið án aðstoðar og þá jafnvel að stoðað aðra nemendur.

Einstaklingsmat er gert á hverjum nemanda, þ.e.a.s. geta nemenda er metin jafnt og þétt til að sem best sé komið til móts við hvern og einn í kennslunni. Matið felur í sér lestrarþróun, lesskilning, ritunarþróun, skrift, hlustun og tal þar með talinn orðaforða og orðskilning.

#### 4. Mat á lestri

Hraðlestrarprófað er í öllum bekkjum (haust-vetur-vor). Þegar nemandi hefur náð viðmiðum fer hann í framsagnarpróf. Ef nemandi nær ekki viðmiðum vísar umsjónarkennari honum í sérkennslu/aðstoð/lestrarátak eða til frekari greiningar. Lesinn atkvæðafjöldi er skráður á umsagnarreit á vitnisburðarblaði.

**Viðmið Skólaskrifstofu Austurlands fyrir raddlestur**

1. bekkur	30-80 atkvæði á mínútu.
2. bekkur	60-130 atkvæði á mínútu.
3. bekkur	110-170 atkvæði á mínútu.
4. bekkur	160-230 atkvæði á mínútu.
5. bekkur	210-300 atkvæði á mínútu.
6. bekkur	250-300 atkvæði á mínútu.
7. bekkur	280-330 atkvæði á mínútu.
8. – 10. bekkur	300-350 atkvæði á mínútu.

Lesskilningspróf eru lögð fyrir nemendur í öllum bekkjum. Orðarún eru lesskilningverkefni sem lögð eru fyrir nemendur á ákveðnum tímum, sjá viðauka. Viðurkenningar eru veittar þegar nemendur hafa náð ákveðnum áfanga í leshraða. Áfangarnir nást þegar nemendur hafa náð 50, 100, 150, 200, 250 og 300 atkvæðum á mínútu, sjá viðauka.

Námsmat í lestri	1. - 3. bekkur	4. og 5. bekkur	6. og 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Stafakönnun, heiti stafa og hljóð				
Hugtakaskilningur				
Hljóðkerfisvitund				
Leshraðapróf – orðalestur og texti				
Leshraðapróf – hljóðlestur				
Framsagnarpróf				
Lesskilningspróf				

**5. Lesskilningur**

Lögð er áhersla á að efla lesskilningskennslu í skólanum með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Lesskilningur er sérstakur liður í námsmati í þeim tilgangi að undirstrika vægi hans.



<b>Mál – og lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun</b>	<b>1. - 3. bekkur</b>	<b>4. og 5. bekkur</b>	<b>6. og 7. bekkur</b>	<b>8. – 10. bekkur</b>
Kennari les upp texta, nemendur hlusta og rætt er um efni hans				
Orð úr orði				
Minnispil				
Orðasúpa				
Orðaskuggar				
Setningaklipp/orðaklipp				
Hugarkort				
Vennkort				
Sóknarskrift				
Leitarkort				
Dótasaga				
Sögugerð				
K-V-L				
Söguvegur				
Samlestur í hópum og umræður um textann				
Merkingar orða leitað út frá samhengi texta				
Innlögn á merkingu orða og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka				
Kennsla orðaforða í gegnum umræður og lestur fjölbreytts texta, s.s bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita				
Sjálfstæð vinna samkvæmt skriflegum fyrirmælum				
Munnleg og skrifleg lesskilningsverkefni				
Munnleg og skrifleg úrvinnsla texta af ýmsu tagi				
Svara leitað í texta af ólíkri gerð				
Unnið að lausn orðadæma, gáta og þrauta				
Gagnvirkur lestur				
Unnið með vísur og ljóð				
Kennsla bókmenntahugtaka				
Myndræn útfærsla lestexta				
Glósuvinnan nemenda, útskýringar orða og hugtaka				
Útdrættir úr texta				
Munnlegar frásagnir og endursagnir				
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, glærुकynningar				
Hópumræður, málfundir, þjálfun í rökstuðningi				
Leikræn tjáning				





## 6. Lestrarstuðningur

- Nemendur geta valið um litaðan pappír og stækkað letur í lestrarprófum og öðru ljósrituðu efni.
- Námsmat er aðlagð að þörfum nemenda, til dæmis með lituðum pappír, lengri tíma og/eða munnlegum prófum.
- Þegar tekin hefur verið ákvörðun um sérstuðning í lestri er unnin einstaklingsáætlun sem gildir til skemmri eða lengri tíma og miðast við afmarkaða færniþætti. Lögð er sérstök áhersla á aukið samstarf við foreldra en þeir fá leiðsögn hjá sérkennara og taka þátt í framkvæmd einstaklingsáætlunarinnar. Þeir fá einnig í hendur öll gögn, leiðbeiningar og leiðsögn, til að framkvæma áættunina.
- Nýta skal hlustunarefni í námi og kynna það vel fyrir nemendum og foreldrum þeirra strax á yngsta stigi.
- Nýta skal tölvur við nám og kennslu. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þjálfa færni í notkun námsforrita og ýmissi verkefnavinnu á tölvutæku formi.
- Nemendum með sértæka námserfiðleika skal gert kleift að nýta sér hjálpargögn s.s. hlustunarefni, orðabækur, lésvelar og leiðréttingarforrit í tölvum.
- Sérkennari sendir beiðnir til Hljóðbókasafn Íslands fyrir nemendur með lestrarörðugleika.

## 7. Skimanir og próf

Tilgangur skimana og prófa sem lögð eru fyrir nemendur er annars vegar að fá upplýsingar um stöðu nemenda og hins vegar að veita þjónustu í samræmi við þær upplýsingar sem skimanirnar gefa. Þegar niðurstöður liggja fyrir ákveða umsjónarkennari og sérkennari hvaða úrræði verða notuð til aðstoðar nemandanum. Það er á ábyrgð umsjónarkennara og faggreinakennara að mæta þörfum þeirra nemenda sem sýna slaka frammistöðu.

### 7.1 Raddlestrarpróf

Raddlestrarpróf eru tekin fjórum sinnum á skólaári, í ágúst, nóvember, febrúar og maí. Að hausti er raddlestrarpróf frá því í maí skólaárið á undan notað. Ávallt eru tveir kennarar sem meta lestrarpróf.



## 7.2 Leið til læsis

*Leið til læsis* er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Leið til læsis er annars vegar stöðupróf hjá nemendum í 1. bekk við upphafi skólagöngu og hinsvegar eftirfyllgnipróf sem mæla sjónrænan orðaforða og lesfimi. Þau próf eru tekin tvisvar á ári í 1. til 4. bekk. En stefnt er að því að þau komi út fyrir alla bekki grunnskólans.

Niðurstöður stöðuprófsins í 1. bekk lúta að þremur aðskildum færniþáttum sem leggja grunn að lestrarnáminu, en það eru:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Leið til læsis kerfið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám um leið og fyrstu skrefin eru tekin í lestrarkennslu að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.

Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með eftirfyllgniprófum eftir því hvernig styrkleikar og veikleikar nemenda birtast í hverjum færniþætti. Megininntak aðferðarinnar er snemmtæk íhlutun við lestrarkennslu.

Niðurstöður eftirfyllgniprófanna segja til um frammistöðu nemenda miðað við hundraðsröðun, sjá töflu hér að neðan. Annars vegar veitir prófið upplýsingar um það hvernig nemendur lesa texta af nákvæmni, hratt, fyrirhafnarlaust og af skilningi. Hinsvegar hvort nemandi hefur vald á *sjónrænum orðalestri*. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Megininntak aðferðarinnar er snemmtæk íhlutun við lestrarkennslu.



Seyðisfjarðarskóli

Umsögn	Hundraðsröðun	Íhlutun
Mjög góð frammistaða	91-100	
Góð frammistaða	81-90	
Meðalframmistaða	61-80	
Þarfnast frekari þjálfunar	36-60	Umsjónarkennari
Þarfnast íhlutunar	0-35	Sérkennari/umsjónarkennari

### 7.3 Lesmál

Lesmál er lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl ár hvert. Lesmál er staðlað hóppróf sem metur tiltekna grunþætti í lestri og réttritun hjá nemendum í 2. bekk grunnskóla. Prófþættir eru fjórir:

- Umskráning
- Lesskilningur
- Hraðlestur
- Réttritun

Árangursviðmið prófsins byggja á frammistöðu nemenda í apríl í 2. bekk. Lesmál er hugsað til leiðsagnar fyrir kennara og nemendur við kennslu og nám. Höfundar prófsins eru Rósa Eggertsdóttir og Sigurgrímur Skúlason.

### 7.4 Orðarún – lesskilningsmat

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang en hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófin eru lögð fyrir í október og mars.

Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi. Sjá nánar í handbók prófsins.



Seyðisfjarðarskóli

## 7.5 Logos

Logos er staðlað tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Logos hefur tvo prófaflokka, annar er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og hinn nemendum í 6.-10. bekk og fullorðnum. Helstu hlutar prófsins eru: lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umkóðunarfærni og ýmsir undirþættir í umkóðunarferlinum.

Skimunin er lögð fyrir í öllum skólum á Austurlandi í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands og fást því samanburðarhæfar tölur sem veita okkur upplýsingar um stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á Austurlandi.

## 7.6 Læsi - lestrarskimun

Læsi - lestrarskimun er ætlað að athuga lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk. Annars vegar til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestarerfiðleika. Hins vegar að veita kennurum upplýsingar til að skipuleggja kennslu nemenda. Prófið samanstendur af fimm heftum. Þrjú eru fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk en þættir þeirra eru til dæmis viðhorf til lesturs, skilningur á hugtökum, málvitund, bókstafakunnátta, að þekkja bókstafi út frá hljóði og tákni, að greina forhljóð í orðum, hljótenging, að greina á milli orðhluta í samsettum orðum og fleira.

## 8. Að vekja og viðhalda áhuga á lestri

Jákvætt viðhorf til lestrar er undirstaða náms. Að vekja áhuga nemenda á lestri og viðhalda honum getur reynst flókið verkefni í samfélagi þar sem sífellt fjölbreyttari afþreyingarmöguleikar standa nemendum til boða. Lögð er áhersla á að námsumhverfi sé örvandi og hvetji nemendur til lestrar. Bækur eiga að vera sýnilegar, ýmsar upplýsingar á veggspjöldum og verkefni nemenda prýða veggina. Eftirfarandi eru hugmyndir taka mið af því að efla og viðhalda áhuga nemenda á lestri til yndis, afþreyingar og fróðleiks:

### 8.1 Að lesa fyrir nemendur

Allir hafa gaman að góðum sögum og því eiga kennarar að leggja mikla áherslu á að lesa fyrir nemendur. Með því komast þeir í kynni við bókmenntir sem þeir annars færu á mis við. Þeir átta sig á að lestur bóka getur verið skemmtilegur og ef til vill vaknar áhugi þeirra á öðrum verkum höfundar. Gera ætti ráð fyrir föstum og skipulögðum tímum til lestrar fyrir



nemendur á stundatöflu. Þó framhaldssögurnar séu ef til vill vinsælastar í þennan lestur er mikilvægt að lesa líka smásögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð, blaðagreinar og fleira.

Hefð er fyrir lestri í nestistímum á yngsta- og miðstigi en nemendur á öllum aldri hafa mikla ánægju og ekki síður gagn af því að heyra góða sögu. Vanda þarf valið við þá bók sem lesin er fyrir nemendur og þarf því kennarinn að undirbúa lesturinn, t.d með því að lesa bókina áður. Ef bókin er leiðinleg kemur hún ekki til með að vekja áhuga nemenda á lestri. Einnig þarf að hafa í huga aldur nemenda og samsetningu hópsins, að bókens sé hvorki of barnaleg nú of þung og svo má hafa í huga að finna bók sem tengist efni sem verið er að kenna í öðrum fögum.

## 8.2 Frjáls lestur /yndislestur

Margir nemendur liggja öllum stundum yfir bókum heima hjá sér, fara á bókasafnið og eru sannkallaðir bókaormar. Sumir lesa einungis það sem þeim er sett fyrir í skólanum og svo eru einhverjir þarna á milli. Lestrarvenjur nemenda í skóla koma í flestum tilfellum til með að fylgja þeim í gegnum lífið og því gegnir skólinn veigamiklu hlutverki í að venja þá á lestur bóka eins snemma og unnt er. Frjáls lestur á hverjum degi gerir kraftaverk í þessum efnum. Mikilvægt er að nemendur fái að velja lesefnið sjálfir, hafi fyrirfram ákveðinn tíma til lesturs og hafi gott næði. Ekki er síður mikilvægt að kennarar nýti sér frjálsa lesturinn líka því kennarinn er fyrirmyndin. Nemendur eiga ekki að svara spurningum um þann texta sem þeir lásu né gera verkefni tengd honum að lestri loknum. Lesturinn á einungis að vera til ánægju og yndisauka. Með frjálsum lestri eykst lestrarhæfni nemenda, þeir bæta orðaforða sinn, lesskilningur þeirra þroskast, þeir auka við þekkingu sína og hafa af honum ómælda ánægju og gleði.

## 8.3 Lestraráttak

Lestraráttak er í gangi í mörgum bekkjum á mismunandi tímum skólársins. Sem dæmi má nefna:

- Lestrarbingó
- Hraðlestraræfingar
- Bókaormar
- Októberátak
- 1000 bóka veisla
- Stóra upplestrarkeppnin



Seyðisfjarðarskóli

- Litla upplestrarkeppnin
- Þemu tengd ákveðnum rithöfundum eða tilteknu efni
- Efni frá Kennarinn.is
- Hvatningarverkefni í lestri þar sem markmiðið er að nemendur lesi meira en gengur og gerist og auki um leið lestrarhraða og lesskilning.



Seyðisfjarðarskóli

## Heimildir

Berglind Rós Magnúsdóttir, Hafsteinn Karlsson og Torfi Hjartarson. (2012). Læsi: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Sótt af:

<http://nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5ef5d2b4-2771-4ecf-bae4-584b4186294a>

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). Lesskilningsferlið – Áhrifaþættir og leiðir sem efla lesskilning (Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu í sérkennslufræði). Sótt af

<http://skemman.is/stream/get/1946/5917/17077/2/Fr%C3%A6%C3%B0ilegihluti.pdf>

Skólaskrifstofa Austurlands. (2015, júlí). Hvernig geta foreldrar hjálpað börnum með lestrarnámið? Sótt af:

[http://www.skolaust.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=348&Itemid=42](http://www.skolaust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=348&Itemid=42)